



Reykjavíkurborg
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
B.t. Elísabetar Pétursdóttur
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Skógarhlíð 6 105 Reykjavík
sími: 545 8100 frn@frn.is
stjornarradid.is

Reykjavík 27. janúar 2022
Tilv.: FRN21110288/09.10.00

Efni: Opið bréf til ríkisstjórnarinnar um innleiðingu laga um kynrænt sjálfræði.

Félagsmála- og vinnumarkaðsráðherra þakkar fyrir erindi, dags. 29. nóvember 2021, þar sem vísað er í opið bréf til ríkisstjórnarinnar varðandi innleiðingu laga um kynrænt sjálfræði. Í bréfinu er meðal annars bent á mikilvægi þess að reglur nr. 581/1995, um húsnæði vinnustaða, verði endurskoðaðar í ljósi laganna um kynrænt sjálfræði en reglurnar falla undir málefнасvið félagsmálaráðuneytisins.

Félagsmála- og vinnumarkaðsráðherra hefur þegar hafið heildarendurskoðun á fyrrnefndum reglum um húsnæði vinnustaða í samstarfi við Vinnueftirlit ríkisins, meðal annars í ljósi þess að margt hefur breyst á vinnumarkaði og í samfélaginu almennt frá því að reglurnar voru settar árið 1995. Í þeirri vinnu leggur ráðherra áherslu á mikilvægi þess að fá fram sjónarmið ólíkra aðila með víðtæku samráði um hugsanlegar breytingar á reglunum. Jafnframt leggur ráðherra ríka áherslu á að flýta þessari vinnu eins og kostur er og því er gert ráð fyrir að fyrrnefnt samráð við ýmsa aðila hefjist í febrúar næstkomandi. Í því sambandi er meðal annars horft til samráðs við þá aðila sem standa að umræddu bréfi til ríkisstjórnarinnar eða Femínistafélag Háskóla Íslands, Jafnréttisnefnd Háskóla Íslands, Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð Reykjavíkur, Samtökin '78, Stúdentaráð Háskóla Íslands, Trans Ísland og Q-félag hinsegin stúdenta.

Fyrir hönd ráðherra


Bjarnheiður Gautadóttir


Margrét Gunnarsdóttir